



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 5/2013

Ákvörðun um sekt vegna tilboðsauglýsinga Betra baks

I.

Málsmeðferð

1.

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2012, komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að Radix ehf. rekstraraðila Betra Baks hefði með því að hafa Tempur heilsudýnur á tilboðsverði í meira en sex vikur, brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Af þeim sökum var fyrirtækinu gert að greiða stjórnvaldssekt.

Neytendastofu bárust ábendingar þess efnis að Tempur heilsudýnur sem boðnar eru til kaups í verslun Radix ehf., Betra bak, hafi verið auglýstar á lækkuðu verði í auglýsingum í Fréttablaðinu samfelt frá því í byrjun júnímánaðar 2012, fram í miðjan októbermánuð 2012. Vörurnar hafi því verið auglýstar á lækkuðu verði í lengri tíma en heimilt er samkvæmt þeim lögum og reglum sem Neytendastofa hefur eftirlit með.

2.

Með bréfi Neytendastofu til Radix ehf., rekstraraðila verslunarinnar Betra baks, dags. 19. október 2012, var vísað til þess að fyrirtækinu væri kunnugt um að í 5. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005 væri lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir m.a. að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raski verulega eða væru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.

Í 9. gr. laganna segir að viðskiptahættir séu villandi og þar með óréttmætir, ef þeir væru líklegir til að blekkja neytendur eða þeim veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í ákvæðinu væri talið upp í sjö stafliðum hvaða upplýsingar átt sé við og í d. lið segir:



„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértilboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,“

Í 11. gr. laganna er ákvæði um útsölur og aðra sölu þar sem selt sé á lækkuðu verði. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Með heimild í lögnum hafi Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í 2. mgr. 2. gr. reglnanna sé um það fjallað að þegar vara eða þjónusta hafi verið seld á lækkuðu verði í sex vikur skuli lækkað verð vera venjulegt verð.

Þá var í bréfi Neytendastofu bent á að eigi ábendingarnar við rök að styðjast telji Neytendastofa viðskiptahætti Radix til þess fallna að brjóta enn gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 366/2008.

Neytendastofa óskaði loks eftir skýringum eða athugasemdum Radix ehf. vegna framangreinds.

3.

Svar Radix barst Neytendastofu með tölvupósti, dags. 19. nóvember 2012. Þar er þess óskað að fallið verði frá fyrirhugaðri sekt og að málið verði fellt niður.

Þá segir að ljóst sé að brotalöm hafi verið í auglýsingum félagsins og því verði að telja athugasemdir Neytendastofu réttmætar þó tilgreina verði að Radix hafi talið að fyrirtækið hafi farið að lögum. Radix hafi ekki áhuga á því að stofna til nokkurs ágreinings við Neytendastofu og vilji leysa málið með samkomulagi. Vilji Neytendastofa setja samkomulaginu skilyrði sé það Radix að meinalausu og vilji fyrirtækið sjá málið út af dagskrá og haga auglýsingum hér eftir í takt við það sem Neytendastofa hafi áður gert athugasemdir við.

II.

Niðurstaða

1.

Af gögnum málsins er ljóst að framangreindar heilsudýnur hafi verið auglýstar í Fréttablaðinu samfellt, frá því í byrjun júnímánaðar 2012, fram í miðjan októbermánuð 2012. Heilsudýnurnar hafi því verið auglýstar á lækkuðu verði í lengri tíma en heimilt er samkvæmt þeim lögum og reglum sem Neytendastofa hefur eftirlit með.



Í máli þessu hefur Neytendastofa farið fram á skýringar Radix ehf., rekstraraðila Betra Baks, á gildistíma tilboðsverðs á Tempur heilsudýnum. Í svari Radix er viðurkennt að brotalöm hafi verið í auglýsingum fyrirtækisins. Neytendastofa telur að ljóst er að dýurnar hafi því verið auglýstar á lækkuðu verði í lengri tíma en heimilt er samkvæmt þeim lögum og reglum sem Neytendastofa hefur eftirlit með.

Auglýsingarnar eru því brot á 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu auk 2. mgr. 2. gr. reglna um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði nr. 366/2008.

2.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafli laganna.

Að teknu tilliti til þess að Radex, rekstraraðili Betra Baks, hefur með framangreindum auglýsingum brotið gegn framangreindum lagagreinum og reglugerðarákvæði og þar sem jafnframt er um að ræða brot á ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2012, „Ákvörðun um sekt vegna tilboðsauglýsinga Betra baks“ telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.

Með tilliti til umfangs brotsins og fyrri sektarákvörðunar stofnunarinnar sem og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Radix stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 1.500.000- (einamilljónogfimmhundruðþúsundkrónur).



III.

Ákvörðunarorð:

„Radix ehf., Faxafeni 5, Reykjavík, rekstraraðili Betra Baks, hefur, með því að hafa Tempur heilsudýnur á tilboðsverði í meira en sex vikur, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Radix ehf., að fjárhæð kr. 1.500.000- (einamilljónogfimmhundraðþúsundkrónur).“

Neytendastofa, 28. febrúar 2013

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Pórunn Anna Árnadóttir